

Marchenko gegn Úkraínu

Dómur frá 19. febrúar 2009

Mál nr. 4063/04

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærandi, Mykhaylo Marchenko, er úkraínskur ríkisborgari, fædd 1946 og býr í Zubrytski. Hún er kennari og er formaður stéttarfélags kennara í skólanum þar sem hún vinnur. Í kjölfar ásakana gegn skólastjóranum í skólanum um fjárhagslegt misferli með eignir skólans fór kærandi nokkrum sinnum fram á úttekt á meðferð sjóða skólans. Hélt kærandi því fram að skólastjórinn hefði misnotað mannúðarsjóð skólans, svo og notað bifreið, sjónvarp og myndbandsupptökutæki skólans í eigin þarfir. Skoðun ríkisendurskoðanda á þessum atriðum leiddi ekki misnotkun í ljós. Í kjölfarið fór kærandi tvívegis fram á opinbera rannsókn. Báðum þeim beiðnum var vísað frá vegna skorts á sönnunargögnum. Í maí 1997 söfnuðust nokkrir fulltrúar úr stéttarfélagi kæranda saman fyrir utan skrifstofur sveitarstjórnar í viðkomandi bæ. Höfðu þau með sér borða með áletrunum um fjárhagslegt misferli skólastjórans. Skólastjórinn höfðaði mál gegn kæranda vegna meiðyrða og vann það mál.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi m.a. að 10. gr. sáttmálans hefði verið brotin vegna sakfellingar í meiðyrðamálinu.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að þótt kærandi væri fulltrúi stéttarfélags bæri henni að virða réttindi annarra og þar á meðal regluna um að allir væru saklausir þar til sekt er sönnuð. Þar að auki hefði hún vissar trúnaðar- og hollustuskyldur gagnvart vinnuveitanda sínum. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði fyrst átt að koma ásökunum sínum á framfæri við yfirmenn skólastjórans eða viðeigandi yfirvöld áður en hún gerði þær opinberar. Þá hefði kærandi ekki reynt að neyta lagalegra úrræða til að vefengja endurskoðun á háttsemi skólastjórans og niðurstöðu saksóknara, sem hún taldi hafa verið ófullnægjandi. Þvert á móti hafði hún ásakað skólastjóran harkalega á opinberum vettvangi. Dómstóllinn taldi því að sakfelling kæranda væri réttlætanleg enda hefði hana skort viðunandi sönnun, ásanir hennar gátu talist til ærumeiðinga og höfðu grafið undan rétti skólastjórans til að vera talinn saklaus þar til sekt sannaðist. Kærandi hafði hins vegar verið dæmd í ársfangelsi. Taldi dómstóllinn að þau viðurlög hefðu letjandi áhrif á umræðu um málefni er varða almenning. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 10. gr. sáttmálans hefði verið brotin að því leyti til.

Kæranda voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 1.000 evrur í skaða- og miskabætur og 50 evrur málskostnað.